

Ár 1981, föstudaginn 4. desember, var í málinu nr. 23/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :


Málavextir eru þeir, að á sínum tíma kærði eigandi fasteignarinnar nr. 12 við Bankastræti út af því til Fasteignamats ríkisins, að fasteignamat lóðarinnar væri of hátt. Kærinni var hafnað með úrskurði fasteignamatsins frá 7. júlí 1981. Kærandi vill ekki una þessum úrskurði og hefur skotið málinu til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi, dags. 13. ágúst 1981. Telur kærandi matið of hátt miðað við nýtingu lóðarinnar og fasteignamat sambærilegra lóða.


Um er að ræða 233 m² eignarlóð, og standa á henni tvö timburhús. Annað þeirra er talið reist á árinu 1920, og er það 518 m³ að stærð. Hitt er talið byggt á árinu 1928, og er það 144 m³. Í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980, var stærra húsið metið á kr. 7.231.000,-, en minna húsið á kr. 1.501.000,-. Lóðin var metin á kr. 129.236.000,-.


Umrædd lóð er verðmat vegna legu sinnar. Hagkvæmstu nýtingu hennar verður hins vegar ekki komið við, hema þau hús, sem nú standa, verði rifin, og nýtt hús byggt. Með hliðsjón af aðstöðu lóðarinnar að þessu og öðru leyti í byggingar- og skipulagslegu tilliti telst matsverð hennar hæfilega ákveðið kr. 116.000.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Matsverð lóðarinnar nr. 12 við Bankastræti í Reykjavík ákveðst kr. 116.000.000,- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980.


Gaukur Jörundsson


Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon